

Persónuverndarstefna Framhaldsskólans í Mosfellsbæ

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ leggur áherslu á að tryggja að meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem tóku gildi 15. júlí 2018.

Markmiðið er að nemendur og starfsmenn séu upplýstir um hvernig skólinn safnar og vinnur með persónuupplýsingar. FMOS safnar persónuupplýsingum í lagalegum og þjónustulegum tilgangi. Upplýsingum um nemendur er safnað til að geta veitt þeim þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og upplýsingum um starfsmenn er safnað m.a. til að meta hæfni þeirra til starfsins og greiða þeim laun. Persónuupplýsingar þær sem FMOS vinnur með eru tengdar eftirfarandi kerfum:

[Upplýsingakerfið INNA](#)

- nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang þeirra einstaklinga sem skráðir eru í skólann annað hvort sem nemendur eða starfsmenn
- námsferlar nemenda eru skráðir í Innu og þar koma fram einkunnir og skólasókn
- undanþágur og ýmsar athugasemdir eru skráðar í Innu

[Orri, fjárhags- og launabókhaldskerfi](#)

- nafn, kennitala og heimilisfang starfsmanna
- bankaupplýsingar starfsmanna til að geta greitt þeim laun
- launakjör
- forsendur launaútreikninga
- aðild að verkalýðsfélagi
- viðvera, skráning á fjarveru
- starfsumsóknir

[GOPRO skjala- og málakerfi](#) og skjalageymsla skólans

Persónuupplýsingar sem skólinn varðveitir og munu að 30 árum liðnum fara á þjóðskjalasafn, svo sem:

- erindi tekin fyrir í skólaráði
- greiningar nemenda sem berast skólanum
- læknisvottorð
- dæmi um prófúrlausnir

Kennsluforrit og smáforrit

Fjöldmörg smáforrit, vefsíður og öpp eru notuð til að halda utan um vinnu nemenda í FMOS. Skipta má þessum forritum í þrjá flokka eftir því hvaða persónuupplýsingum er safnað.

- A) Forrit/vefsíður sem ekki krefjast neinnar innskráningar nemenda, t.a.m. forrit þar sem nemandi skilar einungis afurð úr forritinu til kennara og engar persónugreinanlegra upplýsinga er safnað af forritinu sjálfu. Dæmi um þetta eru t.d. ýmis upptökuforrit fyrir mynd og/eða hljóð.
- B) Forrit/vefsíður sem krefjast auðkennis notenda en safna ekki persónuupplýsingum. Dæmi um þetta eru forrit eins og **Kahoot, Desmos** o.fl. Í sumum þessara forrita er það valkvætt að stofna aðgang til þægindarauka fyrir nemendur og heldur þá forritið/vefsíðan utan um persónuupplýsingar en þeim er ekki safnað af FMOS.
- C) Forrit/vefsíður sem krefjast innskráningar nemenda eða þá að skólinn krefst innskráningar til þess að halda utan um vinnu nemenda. Nemandi þarf þá að stofna aðgang með því að gefa upp nafn og netfang. Dæmi um slíkt eru **Google forrit (drive, youtube o.fl.), Moodle, GeoGebra, Mentimeter o.fl.**

Í öllum tilfellum eru einu gögnin sem FMOS safnar, nöfn og verkefni nemenda. Upplýsingarnar koma frá nemendum sjálfum, forráðamanni hans, stjórnendum og kennara. Í öllum tilfellum gætir skólinn þess að nota einungis forrit/vefsíður sem hafa skýra persónuverndarstefnu sem samræmast lögum um persónuvernd

Hvaðan koma upplýsingarnar?

- Upplýsingarnar sem skráðar eru í Innu koma frá nemanda sjálfum, forráðamanni hans, stjórnendum og kennara. Skilaboð send innan Innu eru varðveitt.
- Netpóstur til skólans og starfsmanna getur verið varðveittur í samræmi við innihald netpóstsins og er þá varðveittur í skjalakerfinu Gopro
- Upplýsingar um sérþarfir nemenda koma frá nemanda eða forráðamanni hans.

2. Varðveislutími

Þar sem FMOS er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. [77/2014](#) um opinber skjalasöfn er skólanum óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem FMOS vinnur því afhentar þjóðskjalasafni að þrjátíu árum liðnum. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig rafrænum skilum til þjóðskjalasafns verður háttað en ljóst er að í framtíðinni verður um rafræn skil að ræða.

3. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

FMOS leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

FMOS stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna með viðeigandi fræðslu og þjálfun varðandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga.

FMOS kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila af mismunandi ástæðum. Þannig geta þriðju aðilar sem veita skólanum upplýsingatækniþjónustu haft aðgang að persónuupplýsingum, en FMOS kann einnig að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar.

FMOS mun gera vinnslusamning við þær vinnslustofnanir sem hýsa gögn skólans. Krafa verður gerð um að viðkomandi vinnsluaðilar uppfylli kröfur persónuverndarlaga. Þá mun FMOS ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi ákvæða persónuverndarlöggjafar.

4. Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum

Einstaklingar hafa rétt til að vita hvaða persónuupplýsingar skólinn vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingunum. Þá geta einstaklingar fengið rangar persónuupplýsingar um sig leiðréttar. Jafnframt geta einstaklingar í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð.

Óski einstaklingur eftir að flytja upplýsingar um sig til annars aðila, t.d. til annars skóla, getur viðkomandi einnig átt rétt á að fá persónuupplýsingar sínar afhendar til sín á algengu tölvutæku formi eða að þær verði fluttar beint til viðkomandi þriðja aðila.

Í þeim tilvikum þar sem vinnsla skólans byggist á samþykki getur sá sem samþykkið veitti alltaf afturkallað það.

Myndir til birtinga á auglýsingaefni skólans, á heimsíðu hans eða á samfélagsmiðlum á vegum hans er aðeins birt ef liggur fyrir heimild frá nemanda og (ef við á) forráðamanni hans. Hægt skal vera að draga hana til baka á jafn auðveldan hátt og heimildin var veitt. Ætíð skal orðið við beiðni nemanda eða (ef við á) forráðamanns hans um að fjarlægja mynd af heimasíðu eða samfélagsmiðlum á vegum skólans. Undanþága frá kröfum um heimild til myndbirtinga er þegar hópmynd er tekin í skólanum eða á atburðum honum tengdum og enginn einn er fókus myndarinnar. Nemandi og eða (ef við á) forráðamaður hans getur þó farið fram á að slíkar myndir verði fjarlægðar af vef skólans eða samfélagsmiðlum á hans vegum án þess að gefa upp ástæðu þess.

FMOS virðir framangreind réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum.

Leitast er við að bregðast við öllum beiðnum innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Sé um að ræða umfangsmikla eða flókna beiðni mun skólinn upplýsa um slíkar tafir og leitast við að svara í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá viðtöku á beiðni.

[Nánar um réttindi einstaklinga varðandi persónuvernd.](#)

5. Ábyrgð á grundvelli persónuverndarlaga

Skólinn ber ábyrgð á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á vegum hans.

6. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Hafi einstaklingar spurningar um persónuverndarstefnu þessa eða hvernig skólinn varðveitir eða vinnur persónuupplýsingar að öðru leyti, geta þeir ávallt haft samband við skólastjórnendur FMOS sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina einstaklingum um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarstefnu þessari og persónuverndarlögum. Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu FMOS á persónuupplýsingum hans getur hann jafnframt sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

7. Samskiptaupplýsingar

Skólastjórnendur FMOS munu hafa umsjón með eftirfylgni við persónuverndarstefnu þessa og framfylgni við persónuverndarlög.

Samskiptaupplýsingar skólans:

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
Háholti 35
270 Mosfellsbær
Sími: 412 8500
Netfang: fmos@fmos.is

8. Endurskoðun

FMOS getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum og reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig skólinn vinnur með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á stefnu þessari verður slíkt kynnt á heimasíðu FMOS www.fmos.is .

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt.